

Jón Sveinsson og Stálvík

Málsaðili : Garðabær
Tengiliður :
Dagsetning : 17.01.2022
Númer : 2201288
Flokkur :

Efni : Ábendingar hafa borist hvort ekki væri vel við hæfi að minnast Jóns Sveinssonar og hinnar merku athafnasögu í Garðabæ sem Stálvíkin er. Jón Sveinsson var mikill frumkvöðull og hugsjónamaður en til staðar er steinn þar sem áður var skiparennan og bent á hvort ekki væri við hæfi að koma fyrir skylti eða minnismerki á þessum stað.

Um Stálvík:

Jón stofnaði skipasmíðastöðina Stálvík 1961 í Garðabæ. Þegar best lét störfuðu yfir 200 manns hjá Stálvík og þá var fyrirtækið stærsti atvinnurekandinn í Garðabæ. Í Stálvík voru smíðuð yfir 50 stálskip og þar af 12 skuttogarar, m.a. aflaskipin Otto N. Þorláksson og Þórunn Sveinsdóttir.

Stálvík SI 1 var smíðuð 1973 hjá Stálvík í Garðabæ og mældist 314 brúttólestir. Skipið var fyrsti skuttogarinn sem smíðaður var hérlandis. Skipið var lengt 1986 og mælist þá 364 brl. Stálvík var lagt 2004 og fór til Danmerkur til niðurrifs árið 2005.